

Skólaráðsfundur 10.12.2024 (Fundurinn fór fram á Teams)

Mættir: Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir (fulltrúi foreldraráðs), Gréta Bentsdóttir (fulltrúi kennara), Anna Karen Ágústsdóttir (fulltrúi Krakkalands), Anna Sigrún Jónsdóttir (fulltrúi kennara), Emilía Ísis Nökkvadóttir (fulltrúi nemenda), Ólafur B. Thoroddsen (fulltrúi nemenda), Kjartan Haraldsson (aðstoðarskólastjóri) og Brynjar M. Ólafsson (skólastjóri).

Ástand skóla, framkvæmdir og fl.

Farið var yfir framkvæmdir á skólabyggingunni. Skólastjóri fór yfir hvar í skólanum mygla hefði mælst, í tveimur stofum í álmu A og einni í álmu C. Eins og fyrr þegar það finnst mygla þá höfum við lokað þeim stofum, við fylgjum alltaf því sem verkfræðistofan EFLA mælir með að verði gert. Þröngt er um okkur í dag en sem betur fer er ein stofa komin aftur (B1) og vonandi stutt í næstu (B2). Við erum þakklát fyrir hvað starfsfólk tekur þessu vel.

Við erum líka ánægð með að bærinn hefur alltaf tekið vel í það þegar það vaknar grunur um myglu og þá er brugðist strax við. Það fylgir svona framkvæmdum auðvitað rask meðan á framkvæmdum stendur en við horfum bara á þetta þannig að við fáum betri rými til baka.

Tekin var ákvörðun að koma yngstu nemendunum í fastar stofur en unglingarnir fara á meira flakk. Nemendur í 2. og 3. bekk verða í stofum B1 og F1 og unglingarnir í gamla íþróttasalnum og í IGLÓ. Meðan á þessu stendur þá hefur líka setið á hakanum að innrétta margmiðlunarstofu sem við stefndum á.

Nýjar skólareglur sem taka mið af Leiðsagnarnámi

Við ákváðum að uppfæra skólareglurnar okkar út frá mismunandi staðsetningum í skólanum með mið af Leiðsagnarnámi. Ákveðið var að gera skólareglurnar myndrænni og tengja þær einkunnarorðum skólans. Reglurnar voru hengdar upp um allan skólann svo auðvelt væri að vísi í þær þegar nemendum er leiðbeint. Verkefnið var samvinnuverkefni stjórnenda, kennara, starfsmanna og réttindaráðs.

Viðmið um hegðun og ferli agamála

	Grænáninn Leiðsagnarnám Heilsuefling			
	Olweus UNICEF	VIÐMIÐ UM Í SNÆLANDSSKÓLA	HEGÐUN	
	VISKA	VIRÐING	VÍÐSÝNI	VINSEMD
Kennslustund	Leggjum okkur fram og tileinkum okkur vaxandi hugarfar	Tölum saman af virðingu Hlustum á hvort annað	Berum virðingu fyrir fjölbreytileikanum	Þösum upp á hvort annað Hjálpum hvort öðru í leik og námi
Gangar	Látum vita ef eitthvað er ekki í lagi	Göngum rólega Fylgjum fyrir mælum	Tökum tillit til annarra Aðstoðum yngri nemendur	Látum okkur það varða ef einhverjum liður ekki vel
Salerni	Látum vita ef eitthvað er ekki í lagi	Göngum vel um Þvöum okkur um hendurnar	Sýnum tillitssemi Gefum hvort öðru næði	Virðum hvort annað
Matsalur	Hendum sem minnstum mat	Tölum í lágum rómi Njótum matarins Göngum vel um	Sýnum tillitssemi Verum dugleg að smakka	Hjálpumst að við að ganga frá
Skólalóð	Látum vita ef eitthvað er ekki í lagi	Deilum leiktækjum Verum hjálpsöm	Förum í fjölbreytta leiki Leikum við sem flesta	Leyfum öllum að vera með Þösum upp á yngri nemendur
Utan skóla	Verum stolt af því að hafa vaxandi hugarfar	Vöndum orð og skilaboð	Sýnum víðsýni en ekki fordóma	Hvetjum og hrósum

Fyrirlestur fyrir forsjáraðila

Þann 9. janúar fáum við Skúla Geirdal frá Fjölmíðlanefnd til að vera með fræðslu fyrir 5.-10. bekk. Hann hefur verið að taka fyrir samfélagsmiðlanotkun og hvernig algoritminn vinnur fyrir miðlana en ekki notendur. Það verður fræðsla um morguninn fyrir árgangana en svo frá **kl. 18 eða 20 fyrir foreldra**

Önnur mál

Foreldrafélag Snælandsskóla er farið að vinna með Farsældarsáttmála í stað Bekkjarsáttmála. Nýtt veggspjald er komið inn í skáp foreldrafélagsins og verður kynnt bekkjarfulltrúum. Formaður foreldrafélagsins biður um að kennarar hvetji líka foreldra til þess að skoða þetta.